

*Lofaður sé Guð og faðir Drottins vors Jesú Krists
sem eftir mikilli miskunn sinni hefur endurfætt oss
til lifandi vonar fyrir upprisu Jesú Krists frá dauðum
og veitt oss óförgengilega, flekklausu og ófölnandi arfleifð
sem yður er geymd á himnum.
Kraftur Guðs varðveitir yður sem trúidd
til þess að þér öðlist hjálpraðið
sem albúið bíður þess að opinberast á efsta degi.
(1. Pét. 1: 3-5)*


AFTANSÖNGUR

Almennur tími kirkjuársins


Eftir þrenningarhátíð og þrettánda

Kostur B


UPPHAF




V Guð, lát þér þókn - ast að frels - a mig.




R Drottinn, skunda mér til hjál - ar.



V Dýrð sé Guði, föður og syni og heilögum and - a.




R Svo sem var í upphafi, er og verður um aldir alda. A - men.




Hal - le - lú - ja.

Aftansöngur - alm. B

HYMNI




I Þeg - ar ég sé hve sól þín skín,
II Geisl - ar og skugg - ar skipt - ast á,
I,II Yf - ir oss sé þín holl - a hönd.



sann - leg - a, Guð, ég minn - ist þín,
skammt er til kvölds - ins morgn - i frá,
helg - a og bless - a líf og önd.



og þeg - ar hóm - ið hjúp - ar mig
vald þinn - ar gæsk - u ei - líft er,
Fað - ir, son, and - i, ei - líf þér,



hljóðn - a ég vil og finn - a þig.
aldr - ei það dvín né breyt - ir sér.
einn Guð og þrenn - ur, dýrð - in ber.




I,II A- men.

SÁLMAR OG LJÓÐ ÚR BIBLÍUNNI

Davíðssálmur 23 (8)


ANDSTEF Ds. 11: 4



I Drott-inn er minn hirð - ir,* mig mun ekk-ert brest - a.

II Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,*
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.

I Hann hressir sál mína,*
leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns.



II Jafnvel þótt ég fari' um dimm«an dal,»√ óttast ég ekkert illt,
því að þú ert hjá mér,*
sproti þinn og stafur hugga mig.

I Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mín«um,»√ þú smyr höfuð
mitt með olíu,*
bikar minn er barmafullur.

II Gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,*
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.

ANDSTEF

I Dýrð sé Guð-i, föður og syni,* og heil-ögum anda.


II Svo sem var í upphafi, er og verður* um aldir *alda*. Amen.

ANDSTEF: Drottinn er í sínu heilaga musteri, háseti hans er á himnum.
Hallelúja.

Aftansöngur - alm. B


Davíðssálmur 145: 1-8 (8a)

ANDSTEF



V Dag hvern vil ég, Drottinn, lof - a nafn þitt.
R Dag hvern vil ég, Drottinn, lof - a nafn þitt.

Sálmur



V1 Ég tign-a þig, Guð minn og kon-ung-ur, * og lofa nafn þitt um ald -



ur og æv - i.

- V2 Ég vegsama þig hvern dag*
og lofa nafn þitt um ald-ur og ævi.
R Dag hvern vil ég, Drottinn, lofa nafn þitt.
- V1 Mikill er Drottinn og mjög vegsamlegur, *
veldi hans er órannsakanlegt.
V2 Kynslóð eftir kynslóð vegsamar verk þín, *
segir frá máttar-*verkum* þínum
R Dag hvern vil ég, Drottinn, lofa nafn þitt.
- V1 og dýrleg-um ljóma hátignar þinnar: *
„Ég vil syngja um dá-*semdir* þínar.“
V2 Þær tala um mátt ógnarverka þinna: *
„Ég vil segja frá stór-*virkjum* þínum.“
R Dag hvern vil ég, Drottinn, lofa nafn þitt.
- V1 Þær víðfrægja mikla gæsku þína *
og fagna yfir rétt-*læti* þínu.
V2 Náðugur og miskunnsamur er Drottinn, *
þolinmóður og mjög *gæskuríkur*.
R Dag hvern vil ég, Drottinn, lofa nafn þitt.
- V1 Dýrð sé Guð-i föður og syni, *
og heil-*ögum* anda.
V2 Svo sem var í upphafi, er og verður *
um aldir *alda*. Amen.
R Dag hvern vil ég, Drottinn, lofa nafn þitt.

Aftansöngur - alm. B


Bibluljóð Op. 15: 3-4 (4)

ANDSTEF




I,II Drottinn Guð vor hinn al - vald - i, þú hal - le - lú - ja,
er konung - ur ald - ann - a. Hal - le - lú - ja.

Ljóð *Ef forsöngvarar syngja versin syngja allir „hallelúja“ (eftir hvern vershelming)*



1. Mikil og dásamleg er-	u	verk	þín,	hal - le - lú - ja,
2. Réttlátir og sannir eru veg-	ir	þín	- ir,	
3. Hver skyldi ekki óttast	þig,	Drott	- inn,	
4. Því að þú einn	ert	heil - ag - ur.		
5. Dýrð sé Guði, föður og syni og heilög-	um	and	- a.	



1. Drottinn Guð,	þú	al - vald - i.	Hal - le - lú - ja,
2. þú, konung-	ur	ald - ann - a.	
3. og vegsam-	a	nafn þitt.	
4. allar þjóðir munu tilbiðja fram-	i	fyr - ir þér.	
5. Svo sem var í upphafi, er	og	verð - ur.	

hal - le - lú - ja.


ANDSTEF *endurtekið á undan og eftir 5. versu.*

Aftansöngur - alm. B

RITNINGARLESTUR

Texti dagsins eða 1. Pét. 1: 3-5 eða annar.

Að lestri loknum má lesa eða tóna eftirfarandi:




L Drottinn, miskunna þú oss.
R Guði sé lof og þakk - ar - gjörð.

SVARSÖNGUR Ds. 113: 2-3 (6) Að vild




V Nafn Drott - ins sé bless - að
R Nafn Drott - ins sé bless - að




héð - an í frá og að ei - líf - u.
héð - an í frá og að ei - líf - u.



V Frá sól - ar upp - rás til sól - ar - lags.



R Héð - an í frá og að ei - líf - u.



V Dýrð sé Guði, föð - ur og syn - i og heil - ög - um and - a.



R Nafn Drott - ins sé bless - að



héð - an í frá og að ei - líf - u.

LOFSÖNGUR MARÍU Lúk. 1: 46-55 (1f)
ANDSTEF

I,II Drott - inn hef - ur mikl - a hlut - i J við
mig gert, vold - ug - ur
er hann og nafn hans heil - agt.

Lofsöngurinn - eða með hátíðatóni, sjá aftansöng á jólum.

I Önd mín mikl - ar Drott - in,* og andi minn gleðst í Guði, frels - ar - a mín - um.

II Því að hann hefur litið til ambáttar sinnar í smæð hennar, *
héðan af munu allar kynslóðir mig sæla segja.

I Því að mikla hluti hefur Hinn voldugi við mig gert, *
og heil-agt er nafn hans.

II Miskunn hans við þá er óttast hann * varir frá kyni til kyns.

I Máttarverk hefur hann unnið með armi sínum *
og drengilátum í hug og hjarta hef-ur hann tvístrað.

II Valdhöfum hefur hann steipt af stóli *

og upp haf- ið smæl - ingj - a.

I Hungraða hefur hann fyllt gæðum *
en látið ríka tómhenta frá sér fara.

II Hann hefur minnst miskunnar sinnar *
og tekið að sér Ísr-a-el, þjón sinn,

I eins og hann hét feðrum vorum, *
Abraham og niðjum hans eilíflega.

ANDSTEF

I Dýrð sé Guði föður og syni, * og heil-ögum anda.

II Svo sem var í upphafi, er og verður * um aldir alda. Amen.

ANDSTEF: Drottinn hefur mikla hluti við mig gert,
voldugur er hann og nafn hans heilag.

Bænir að kvöldi - Almennur tími, - Kostur B

Guð hefur í Kristi gefið oss vonina um dýrðina.

- Vér hrópum í gleði:

Allir Þú ert vor framtíð, Drottinn.

Guð, í þinni hendi hvílir rétturinn og mátturinn.

- Gef leiðtogum fólksins einlægan ásetning til að framkvæma þitt verk.

Allir Þú ert vor framtíð, Drottinn.

Þú lætur listamennina endurspegla sköpunarkraft þinn.

- Gef að verkum þeirra fylgi von og gleði.

Allir Þú ert vor framtíð, Drottinn.

Þú reynir engan um megn fram.

- Styrk þú hin veiku og rétt þau við sem fallið hafa.

Allir Þú ert vor framtíð, Drottinn.

Þú sem fyrir Krist heitir oss upprisu á efsta degi.

- Gleymski eigi þeim sem í dag hafa lagt af sinn jarðneska líkama.

Allir Þú ert vor framtíð, Drottinn.

Faðir vor

Lokabæn

Guð, lát kvöldbæn vora stíga upp sem reykelsi og blessun þína stíga niður yfir oss, svo að vér nú og ævinlega lifum undir vernd þinn<i>
fyrir son þinn, Jesú Krist, Drott<in vorn.>

Allir Amen.

Blessun

Drottinn Guð blessi oss og varðveiti oss frá öllu illu.

Hann leiði oss til eilífs lífs.

Allir Amen.

Bænir fyrir komandi degi - Almennur tími - Kostur A

Guð setti manninn í heiminn til að nytja og vernda hann
skaparanum til dýrðar.

- Látum oss biðja til hans.

Allir Lát oss lifa þér til dýðar.

Guð, skapari alls heimsins, vér lofum þig,

þú sem gefur oss gjafir þínar

- og hefur varðveitt oss til þessa morguns.

Allir Lát oss lifa þér til dýðar.

Blessa oss í öllum störfum vorum í önnum þessa dags.

- Lát oss taka þátt í sköpun þinni og framkvæma vilja þinn.

Allir Lát oss lifa þér til dýðar.

Lát störf vor í dag verða öðrum til góðs-

- svo að vér með þeim og fyrir þau

megum byggja upp heim sem þér líkar.

Allir Lát oss lifa þér til dýðar.

Gef oss og öllum sem vér mætum í dag þína náð

- og gef oss gleði þína og frið.

Allir Lát oss lifa þér til dýðar.

Faðir vor

Lokabæn

Styrk og helga, leið og leiðbein oss á þessum degi til líkama og sálar,
þú konungur himins og jarð«ar.» Stjórna hugsun vorri, orðum og gjörðum,
eftir vilja þínum svo að vér hér og ævinlega lifum í þinni náð
sem þín *frjálsu börn*, fyrir son þinn, Jesú Krist, Drott«in vorn».

Allir Amen.

Blessun

Drottinn Guð blessi oss og varðveiti oss frá öllu illu.

Hann leiði oss til eilífs lífs.

Allir Amen.